

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 149/2001

frá 11. desember 2001

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 131/2001 frá 23. nóvember 2001⁽¹⁾.
- 2) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/678/EB frá 23. október 2000 um nákvæmar reglur um skráningu bújarða í innlendum gagnagrunnum fyrir svín eins og gert er ráð fyrir í tilskipun ráðsins 64/432/EBE⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.
- 3) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/694/EB frá 27. október 2000 um þriðju breytingu á ákvörðunum 1999/466/EB og 1999/467/EB um að staðfesta opinberlega að eftir því sem við á séu nautgripahjarðir í tilteknum aðildarríkjum eða tilteknum héruðum aðildarríkja lausar við öldusótt og lausar við berkla⁽³⁾ skal felld inn í samninginn.
- 4) Ákvörðun þessi gildir hvorki um Ísland né Liechtenstein.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar skulu gerðar á hluta 4.2 í I. kafla I. viðauka við samninginn:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í 45. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/467/EB) og 46. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/466/EB) :

„- **32000 D 0694:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/694/EB frá 27. október 2000 (Stjtið. EB L 286, 11.11.2000, bls. 41).“

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 22, 24.1.2002, bls. 15 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 6, 24.1.2002, bls. 12.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 281, 7.11.2000, bls. 16.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 286, 11.11.2000, bls. 41.

2. Eftirfarandi liður komi aftan við 56. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/504/EB):

„57. **32000 D 0678:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/678/EB frá 23. október 2000 um nákvæmar reglur um skráningu bújarða í innlendum gagnagrunnum fyrir svín eins og gert er ráð fyrir í tilskipun ráðsins 64/432/EBE (Stjtið. EB L 281, 7.11.2000, bls. 16).“

2. gr.

Texti ákvarðana 2000/678/EB og 2000/694/EB á norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 12. desember 2001, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 11. desember 2001.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

B. Grydeland

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

P.K. Mannes M. Brinkmann

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.